

Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórn, ráðum og nefndum Norðurljóps



I. kafli Inngangur

1. gr Um starfskjör

Samþykkt þessi byggir á samþykktum um stjórn og fundarsköp Norðurljóps, nr. 670/2022. Samþykktin fjallar um þóknun fyrir störf sveitarstjórnarfólks og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn og fastaráðum í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

2. gr Markmið

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

Að fulltrúar fái sanngjörn laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.

Að fulltrúar sveitarfélagsins njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði, sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.

Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð.

3. gr Skilgreiningar

Sveitarstjórnarfulltrúar eru níu og kjörnir í almennum sveitarstjórnarkosningum. Nefndum sveitarfélagsins er skipt niður í eftirfarandi flokka :

- A. Sveitarstjórn
- B. Fastanefndir: byggðarráð, fjölskylduráð, skipulags- og framkvæmdaráð
- C. Aðrar nefndir, stjórnir og ráð: hverfisráð, öldungaráð, ungmennaráð ofl.
- D. Sérskipaðar nefndir (verkefnabundnar nefndir) sveitarstjórnar og fundasetur sem falla ekki undir liði A-C.
- E. Nefndir, ráð og stjórnir skipaðar utan stjórnarsýslu Norðurljóps.

Almenn skilgreining á fundi er sú að til hans sé boðað með dagskrá og um hann sé rituð fundargerð.

II. kafli Um starfskjör sveitarstjórnarfulltrúa.

4. gr

Grunnlaun sveitarstjórnarfulltrúa

Sveitarstjórnarfulltrúar þiggja föst laun á mánuði fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið sem nemur 15% af þingfararkaupi, eins og það er hverju sinni. Á sama hátt þiggja kjörnir varamenn þeirra framboða sem hljóta kjörna fulltrúa í kosningum föst laun á mánuði sem nemur 3% af þingfararkaupi. Forseti sveitarstjórnar fær að auki fast álag á mánuði sem nemur 8% af þingfararkaupi, eins og það er hverju sinni.

5. gr

Fundarseta sveitarstjórnar

Fulltrúar í sveitarstjórn fá að auki greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í sveitarstjórn sem nemur 3% af þingfararkaupi. Varamenn sem taka sæti aðalmanns í sveitarstjórn fá greitt sem nemur 3% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund. Stýri forseti sveitarstjórnar ekki fundi sveitarstjórnar skerðist mánaðarleg álagsgreiðsla hans um 50%, en að sama skapi leggjast 50% álagsgreiðslunnar ofan á laun varaforsetans sem stýrir fundinum þann mánuðinn.

6. gr

Starfsaðstaða sveitarstjórnarfulltrúa

Sveitarstjórnarfulltrúar fá aðgang að vinnuástöðu á skrifstofu sveitarfélagsins að Ketilsbraut 7-9.

7. gr

Laun í orlofi

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu fá greidd föst mánaðarleg laun á meðan sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

8. gr

Lífeyrisréttindi og tryggingar

Norðurþing heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af launum sveitarstjórnarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í lífeyrissjóð og er móttframlag sveitarfélagsins 11,5%.

Sveitarstjórnarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi skv. heildartryggingarsamningi sveitarfélagsins.

9. gr

Laun í veikinda- og slysaforföllum

Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann föstum mánaðarlegum launum sínum í allt að 3 mánuði. Greiðslur skv. 1. mgr. falla niður við lok kjörtímabils eða þegar sveitarstjórnarfulltrúi lætur af störfum af öðrum ástæðum.

III. kafli

Þóknun fyrir nefndarstörf

10. gr

Þóknun fyrir setu í fastanefndum, skv. 3. gr.

Fyrir hvern setinn fund í fastanefndum Norðurþings er greidd þóknun sem nemur 3% af þingfararkaupi. Formaður fastanefndar þiggur 5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Forfallist formaður tekur varaformaður greiðslu þess fundar sem hann stýrir í fjarveru formanns. Varamenn í fastanefndum fá greidda sömu þóknun og aðalmenn fyrir hvern setinn fund.

11. gr

Þóknun fyrir setu í öðrum nefndum, stjórnnum og ráðum, skv. 3. gr.

Fyrir hvern setinn fund í öðrum nefndum skv. C lið 3.gr. er greidd þóknun sem nemur 3% af þingfararkaupi.

12. gr

Þóknun vegna starfa í sérstökum nefndum er vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum og vegna sérstakra funda, skv. 3. gr D-liður.

Fyrir störf í sérstökum hópum sem sveitarfélagið skipar til tímabundinna starfa sem vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum fá fulltrúar greitt sem nemur 1.5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund, en formenn þeirra fá greitt 2%.

Forsenda þess að greitt verði fyrir fundarsetu skv. 3.gr. D-lið þarf að skila afriti af erindisbréfi og afriti af undirrituðum fundargerðum til stjórnsýslustjóra sveitarfélagsins.

Starfsmenn sveitarfélagsins sem eru skipaður í hópa skv. grein þessari starfs síns vegna fá ekki greidda þóknun skv. samþykkt þessari.

Sveitarstjórn og nefndir skv. A og B lið samþykktar þessarar hafa heimild til að skipa í starfshóp án þess að greitt sé þóknun fyrir enda liggja fyrir rökstudd ákvörðun þess efnis frá tilnefningaraðila.

13. gr

Þóknun vegna starfa í nefndum, ráðum og stjórnnum skipaðar utan stjórnsýslu Norðurþings, skv. 3. gr. E-liður.

Þar sem sveitarfélagið skipar fulltrúa til setu í nefndum, stjórnnum og ráðum utan stjórnsýslu þess og ef tilnefningaraðilar stjórnarmanna greiða stjórnarsetulaun, en ekki hlutaðeigandi stjórn/ráð/nefnd, skulu fulltrúar Norðurþings fá greitt 3% af þingfararkaupi. Taki fulltrúi sveitarfélagsins hlutverk formanns er upphæðin áfram 3% af þingfararkaupi.

14. gr

Greiðslur vegna funda og ráðstefna utan sveitarfélags

Fyrir þátttöku á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags, sem sveitarstjórn ákveður að taka þátt í, er ekki greidd þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins, en allur útlagður kostnaður skal greiddur skv. greiðslukvittunum.

15. gr

Þóknun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga, skv. 3. gr. D-liður.

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega, sbr. þó skilgreiningu samkvæmt 10. gr.

16. gr

Laun kjörstjórnar

Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og BRSB lfl. 130 ásamt orlofi. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum skv. tímaskráningu formanns kjörstjórnar. Einnig er greitt fyrir akstur samkvæmt akstursdagbók. Yfirkjörstjórn fær auk þess greitt fyrir einn undirbúningsfund sem samsvarar greiðslu fyrir almennan nefndarmann hjá sveitarfélaginu.

IV. kafli

Önnur ákvæði

17. gr

Álag vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga

Leitast skal við að nefndir, ráð og stjórnir fundi ekki á frídögum og stórhátíðardögum. Í undantekningartilfellum getur komið fyrir að nefnd, ráð eða stjórn neyðist til að halda fund á sérstökum frídegi og skal þá greiðast álag skv. eftirfarandi:

Sérstakir frídagar 33% álag á laun fyrir setinn fund.

Stórhátíðardagar 45% álag á laun fyrir setinn fund.

18. gr

Um námskeið og þekkingarsókn

Æskilegt er að kjörnir fulltrúar sækji sí- og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Leita þarf samþykkis sveitarstjórnar vegna kostnaðar sveitarfélagsins sem hlýst afnámskeiðssókn fulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um til sveitarstjórnar með góðum fyrirvara og samþykki liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.

19. gr

Um orlof

Orlof er ekki greitt á laun fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins.

20. gr

Ferðakostnaður og fjarfundir

Sveitarstjórnarfulltrúar eiga rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar, sbr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Almennt skal boðið uppá að sveitarstjórnarmenn geti setið fundi í fjarbúnaði; gegnum síma eða tölvu og þannig lágmarka kostnað við ferðir innan sveitarfélagsins eins og kostur er. Við

notkun á fjarfundabúnaði á fundum sveitarstjórnar skal fylgja leiðbeiningum Innanríkisráðuneytisins sem birtust í auglýsingu númer 1182 frá 2021. Annars er akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Fulltrúar fá greiddan akstur til og frá fundarstað utan sveitarfélagsins (eða úr/í dreifbýli á fundarstað og til baka) og miðast greiðslur á ekinn km. við ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturskostnað. Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er.

Alla jafna skal ekki greiða dagpeninga innanlands, heldur greiða skv. útlögðum kostnaði við ferðir kjörinna fulltrúa. Greiða skal gistikostnað með dagpeningum í þeim tilfellum sem sveitarfélagið sér fulltrúa ekki fyrir gistingu. Greitt er eftir ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins um ferðakostnað á hverjum tíma. Um ferðir erlendis gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki sveitarstjórnar fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum fyrirfram.

V. kafli

Gildistaka og endurskoðun

21. gr

Gildistaka og endurskoðun

Samþykkt þessi gildir frá 22. febrúar 2024 og falla um leið úr gildi eldri reglur um kaup og kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum sveitarfélagsins. Samþykktir þessar skal endurskoða af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Sveitarstjórn Norðurlands

22. febrúar 2024